

5.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn mánudaginn 6.maí 2024 kl. 14:00. Fundurinn verid haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði 1 er í fjarfundi, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Delphine Briosis Kjörvogi og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrká;

1. Ársreikningar Árneshrepps fyrir árið 2023 síðari umræða . undirritun hreppsnefndar og oddvita. Ennfremur undirritun oddviti á staðfestingarbréf.
2. Staðan á málum varðandi stóru verkefni.
 - a) Ljósleiðara- og þrífösun, lokaáfangi.
 - b) Norðurfjarðarhöfn, staða mála.
 1. Úrgangsmál, framhald umræðna um Sorpsamlag, stöðuna og nýjungar.
 2. Velferðarþjónusta Vestfjarða, erindi varðandi bakvaktarþjónustu vegna barnaverndarmála.
 3. Fjórðungssamband Vestfirðinga, Þinggerð 69.Fjórðungspings Vestf. vorið 2024, lagt fram til kynningar.
 4. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssamb.Vestf. lagt fram til kynningar.
 5. Fjarskiptastofa, bréf með óskum um upplýsingar, svara fyrir 15.maí.
 6. Bréf frá Pálma Þór Sævarssyni svæðisstjóra Vegagerðarinnar. Þarf að svara sem fyrst.
 7. Samantekt og staða verkefna sem rædd voru á síðasta fundi; íbúafundur, rafmagn í búð, löggildir vígtarmenn, hnitsetning jarða o.fl.

Dagskrká;

1. Ársreikningar Árneshrepps fyrir árið 2023 var tekinn til síðari umræða. Gengið var frá skýrslu og áritun oddviti undirrituð af hreppsnefnd og oddvita. Ennfremur undirritun oddviti á staðfestingarbréf. Hreppsnefnd lauk þar með síðari umræðu um ársreikninga 2023.
- 2.Staðan á málum varðandi stóru verkefni.

a) Ljósleiðara- og þrífösun, lokaáfangi. Taka þarf stöðuna á því hverjir vilja fá ljósleiðara á Gjögri og nágrenni og annars staðar í sveitinni. Verkefnið fer í gang seinni partinn í júní. Oddviti ætlar að hitta Orkubúsmenn á Hólmavík í lok vikunnar.

- a) Norðurfjarðarhöfn, staða mála. Allt er tilbúið fyrir lokahnikkinn við höfnina sem felst í hellulagningu og síðustu handtökum við útsýnisvallinn.
1. Úrgangsmál, framhald umræðna um Sorpsamlag, stöðuna og nýjungar. Oddviti þarf að uppfæra skráningu fasteigna í sveitarfélaginu; heilsársbústaðir, sumarhús o.s.frv. Mikil umræða um hvers konar gáma sé best að setja á hvern stað. Skipt verður út gömlum

319.

og lúnum gámum og í staðinn settir nýir gámar eða kör/flát á alla staði þar sem slík þjónusta hefur verið veitt til þessa. Botnlangastöðvar gætu verið hentugar sums staðar. Sveitarfélagið stefnir á að taka stærri gáma á leigu frá Sorpsamlaginu, en kaupa svo kör/flát eftir þörfum. Í Norðurfirði verða 2 stórir gámar, járnagámur, spilliefnakar/kör og kör/flát eftir þörfum. Stefnt er að því að setja upp girðingu fyrir svæðið við höfnina. Öll svæði í sveitinni sem þetta verkefni nær yfir verður tekið í tveim skrefum, fyrsti áfangi nú í vor, svo verða málin skoðuð aftur í haust og næstu skref ákveðin. Keyptar verða útiruslafötur fyrir verslun, og ný grind fyrir eldhúsið í félagsheimilinu. Einnig þarf að útvega skilti á fyrrum sorpstaði með upplýsingum um hvar skuli framvegis henda rusli.

1. Velferðarþjónusta Vestfjarða, erindi varðandi bakvaktarþjónustu vegna barnaverndarmála. Hreppsnefnd ákvað að vera einnig með í þessu verkefni innan Velferðarþjónustu Vestfjarða og verður það tilkynnt til Ísafjarðarbæjar
2. Fjórðungssamband Vestfirðinga, Þinggerð 69.Fjórðungspings Vestf. vorið 2024, lagt fram til kynningar.
3. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssamb.Vestf. lagt fram til kynningar.
4. Fjarskiptastofa, bréf með óskum um upplýsingar, svara fyrir 15.maí. Lagt fram til kynningar, oddviti sér um að svara erindinu.
5. Bréf frá Pálma Þór Sævarssyni svæðisstjóra Vegagerðarinnar. Þarf að svara sem fyrst. Oddviti sendi um helgina tölvupóst til PPS sem hann svaraði og gaf skýringar á fyrri pósti. Sá póstur varðandi bundið slitlag, en í nýrri póstinum komu fram þær áætlanir sem eru í gangi í þá vey að laga veginn eftir veturinn. Fyrst verður sett gróf mól í blautustu kaflana, svo verður það sama gert við Veiðileysuháls og svo borið fínna efni ofan á hitt.
6. Samantekt og staða verkefna sem rædd voru á síðasta fundi; íbúafundur, rafmagn í búið, löggildir vigtarmenn, hnitsetning jarða o.fl.; Rafmagnið í verslunarhúsnæðinu er nánast frágengið, íbúafundur verður haldinn 20.júní n.k., nokkrir hafa sýnt áhuga á að fara á námskeið fyrir löggilta vigtarmenn fyrir Norðurfjarðarhöfn.
7. Erindi frá foreldrum varðandi skólamál. Hreppsnefnd er mjög ánægð með óskir um

skólastarf í hreppnum og mun taka þau skref sem þarf til þess að koma því máli í góðan farveg.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:00